



Fundur háskólaráðs 8. september 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 26.08.2004

Dags: 08.09.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

12/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, miðvikudaginn 8. september var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Vilhjálmur Árnason, Inga Jóna Þórðardóttir, Eiríkur Tómasson, Anna Pála Sverrisdóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Bryndís Harðardóttir.

1. Til fróðleiks

1.1 Staða skráninga til náms 2004 – 2005 og framkvæmd aðhaldsaðgerða.

1.2 NordForsk, skipulag fyrir norræna samvinnu í rannsóknum, Norræna ráðherranefndin, 26. júlí 2004.

1.3 Dagskrá 14. háskólafundar föstudaginn 17. september nk.

1.4 Bréf rektors til menntamálaráðherra vegna úttekta á deildum Háskólans, dags. 18. ágúst 2004.

1.5 Dagskrá stúdentadagsins, 10. september 2004.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar.
- Samþykkt einróma að veita Edmund Phelps, prófessor við Columbia háskóla í New York, heiðursdoktorsnafnbót.

2.2 Skipun eins fulltrúa í erfðafræðinefnd í stað Margrétar Oddsdóttur dósents.
- Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá skipun nýs fulltrúa.

2.3 Kjör eins fulltrúa í kennslumálanefnd frá 1. október 2004.
- Samþykkt einróma að Árelía E. Guðmundsdóttir lektor taki sæti í kennslumálanefnd frá 1. október 2004. Skipan allra nefndarmanna er til 30. júní 2005.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Viðræður við menntamálaráðherra um fjármögnun kennslu og rannsókna við

Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá viðræðum sínum við menntamálaráðherra, m.a. um fjölgun nemendaígilda, launastiku, skóla- og skrásetningargjöld, fjárveitingu vegna uppbyggingar meistara- og doktorsnáms, stuðning við fámennar greinar og þjónustugjöld fyrir sérstaka þjónustu. Einnig skýrði rektor frá stöðu mála við undirbúning Vísindagarða og Háskólatorgs. Málið var rætt ítarlega.

3.2 Staða starfs- og fjárhagsáætlunar Háskólans 2004, sex mánaða uppgjör.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins ásamt Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmda. Í máli rektors kom m.a. fram að eftir að tekist hafði að halda rekstri Háskólans innan ramma fjárlaga á seinasta ári, en á þessu árið stefni í töluverðan halla sem skýrist einkum af misræmi á milli fjölda virkra nemenda og þeim fjölda sem menntamálaráðuneytið greiðir fyrir, auk launastikuvandans. Málið var rætt vandlega og svöruðu rektor og Guðmundur framkomnum spurningum og athugasemdum.

3.3 Tillaga frá hjúkrunarfræðideild, að reglum um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahús, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma.

3.4 Tilnefningar í fjármálanefnd háskólaráðs frá deildum, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt samhljóða að fjármálanefnd verði skipuð sem hér segir:

Til 30. júní 2006

Fulltrúar heilbrigðisviðs:

Aðalfulltrúi: Karl G. Kristinsson, prófessor í læknadeild.

Varafultrúi: Herdís Sveinsdóttir, dósent í hjúkrunarfræðideild.

Fulltrúar félagsvísindasviðs:

Aðalfulltrúi: Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í félagsvísindadeild

Varafultrúi: Jón Torfi Jónasson, prófessor í félagsvísindadeild.

Til 30. júní 2005

Fulltrúar hugvísindasviðs:

Aðalfulltrúi: Róbert H.N. Haraldsson, dósent í heimspekideild.

Varafultrúi: Pétur Pétursson, prófessor í guðfræðideild.

Fulltrúar raunvísindasviðs:

Aðalfulltrúi: Robert J. Magnus, vísindamaður á Raunvísindastofnun.

Varafultrúi: Magnús Þór Jónsson, prófessor í verkfræðideild.

- Vegna tilnefninga deilda í fjármálanefnd að þessu sinni, áréttar háskólaráð að við tilnefningar í nefndir ráðsins verði farið eftir jafnréttisáætlun Háskólans.

3.5 Akademískar nafnbætur starfsmanna á LSH, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Háskólaráð samþykkir einróma að heimila rektor að veita eftirtöldum starfsmönnum LSH akademískar nafnbætur sem hér segir.

Úr læknadeild:

Kristján Steinsson, klínískur prófessor

Davíð Gíslason, klínískur dósent

Eypór H. Björnsson, klínískur dósent

Gunnar H. Gunnlaugsson, klínískur dósent

Hjörtur G. Gíslason, klínískur dósent

Ísleifur Ólafsson, klínískur dósent

Óskar Þ. Jóhannsson, klínískur dósent
Ingibjörg Hilmarsdóttir, klínískur lektor

Úr hjúkrunarfræðideild:
Helga Bragadóttir, klínískur lektor

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 14.45